

Annað sem einkennir skólastarfið og áherslur

Raunveruleikurinn – góður árangur

Undanfarin sjö ár hafa elstu nemendur skólans (9. og 10. bekkingar) tekið þátt í hinum svo nefnda Raunveruleik sem er lífsleiknikeppni sem fram fer á veraldarvefnum. Þessi leikur er í senn bæði keppni einstaklinga og bekkjarheildar og snýst um ýmislegt sem lýtur að því að búa ungmenni undir ábyrgð fullorðinsáranna, er nokkurs konar eftirlíking af raunveruleikanum. Um er að ræða m.a. fjármálafræðslu, upplýsingar um gildi trygginga, um námslán, íbúðakaup, fæðingarorlof og fleira. Á annað þúsund nemenda um allt land hafa tekið þátt í þessum leik undanfarin ár. Nemendur í 10. bekk Tjarnarskóla hafa orðið í 1. sæti sex sinnum á níu árum og 2. sæti þrisvar sinnum á sama tíma. Þeir áttu einnig sigurvegara í 1. og 2. sæti einstaklinga í keppninni 2012-2013 Skólaveturinn 2010-2011 stóð 9. bekkjum í fyrsta skipti að taka þátt í Raunveruleiknum og urðu ekki eftirbátar 10. bekkja því þeir urðu í 1. sæti í leiknum. Níundu bekkjar veturinn 2012–2013 urðu einnig sigursælir og unnu 9. bekkjar keppnina og áttu sigurvegara í 1. og 2. sæti einstaklinga. Tíundu bekkjar veturinn 2013–2014 urðu sigurvegarar í leiknum og nemendi í bekknum varð í 1. sæti einstaklinga. Það hefur skapast jákvæð stemning í kringum þessa keppni og að okkar mati hefur hún stuðlað að góðri samvinnu nemenda í að ná árangri.



Viðtöl og upptaka frá verðlaunaafhendingu má sjá á vefslóðinni:

<http://www.landsbankinn.is/frettir/2013/04/12/Nemendur-Tjarnarskola-sigursaelir-i-Raunveruleiknum/>

Tengsl við Fjölbrautaskólann í Ármúla og Menntaskólann í Hamrahlíð.

Á undanförunum árum hafa nemendur átt kost á að vera í fjarnámsáföngum í framhaldsskóla. Í sumum tilfellum hafa nemendur fyrst tekið stöðupróf í Menntaskólanum við Hamrahlíð en í öðrum tilvikum er það sameiginleg ákvörðun kennara, foreldra og nemenda. Talsvert margir nemendur hafa tekið fjarnámsáfanga í FÁ. Á undanförunum árum hefur þátttökulistinn verið þannig:

Ár	Fjöldi nemenda	Heildarfjöldi áfanga
2008	14	24 áfangar
2009	13	32 áfangar
2010	15	39 áfangar (einn nemandi lauk stúdentsprófi í þýsku)
2011	16	25 áfangar
2013	3	4 áfangar
2014	7	12

Í nokkur ár í röð voru allir nemendur í 10. bekk skráðir í fjarnámsáfanga í lífsleikni í FÁ. Þessir áfangar bjóða upp á fjármálafræðslu og námstækni m.v. framhaldsskólánám. Auk þess er þátttaka í fjarnámi kærkomin þjálfun í að kynnast fjarnámsumhverfi og möguleikum þess þegar til framtíðar er litið.

Það er mismunandi milli ára hversu margir ljúka fjarnámsáföngum en skólaárið 2010 – 2011 luku sextán nemendur skólans 21 áfanga í ensku og lífsleikni. Hver áfangi skilaði þremur einingum. Þetta var nokkur fækkun frá árinu á undan þegar nemendur luku samtals 39 námsáföngum í 7 námsgreinum; ensku, dönsku, þýsku, sögu, náttúrufræði, líffræði og lífsleikni. Í vetur stunda 7 nemendur fjarnám. Námsgreinarnar eru enska, danska, þýska, íslenska og þýska og útlit er fyrir að nemendur ljúki 14 áföngum samtals. Þessi samvinna hefur verið ánægjuleg.

Grenndarskógasamkomulag undirritað á skólaárinu 2009-2010

Það er ánægjulegt að geta þess að Tjarnarskóli, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar / LÍS-verkefnið, gerðu með sér samkomulag um notkun á grenndarskógi/görðum í miðborginni og aðgang að fræðslu og ráðgjöf varðandi skógartengt útinám í skólastarfi. Þetta samkomulag var undirritað í Mæðragarðinum í febrúar 2010. Í tengslum við þennan áfanga fóru allir nemendur og kennarar á námskeið í Öskjuhlíðinni undir stjórn Ólafs Oddssonar, forstöðumanns LÍS-verkefnisins (Lesið í skóginn). Við nefndum þetta námskeið „Ævintýri í Öskjuhlíðinni“.

Útikennsla er á döfinni á hverjum vetri og það hefur vakið ánægju meðal nemenda og starfsfólks að eiga nú okkar grenndarskóg.

Heimsóknir 10. bekkinga í framhaldsskóla; fræðsla um menntun og störf

Í 10. bekk eru tvær kennslustundir á viku sem við nefnum MEST; menntun og störf. Í þessum tímum fræðast nemendur um námsfyrirkomulag framhaldsskólanna, námskröfur, menningu hvers skóla og fleira. Nemendur kynna sér einnig menntunarleiðir fyrir hin ýmsu störf sem þeir geta stefnt að í framtíðinni. Kennari fer með nemendur í heimsóknir í flesta framhaldsskólana á hverjum vetri. Skólaárið 2012-2013 heimsóttu nemendur 9 framhaldsskóla og á skipulagi vetrarins 2013-2014 eru einnig margar heimsóknir á dagskrá. Augum nemenda er einnig beint að atvinnulífinu í þessum tímum og fyrirhugað er að skipuleggja heimsóknir á vinnustaði á 3. önninni 2014.



Við förum gjarnan með nemendur út úr húsi í hinar ýmsu heimsóknir

Kennarar skólans eru duglegir að fara með nemendur á söfn, heimsækja stofnanir og skoða umhverfið. Nemendur skoða listir og menningu, heimækja fyrirtæki og hafa tekið þátt í Skólaþinginu á hverjum vetri, svo dæmi séu tekin. Bíó- og leikhúsferðir eru einnig á dagskrá. Í þessum ferðum gerum við miklar kröfur til nemenda um að sýna fallega framkomu og segjum gjarnan að það sé mikilvægt fyrir þá að skilja eftir sig góðar minningar fyrir þá sem taka á móti þeim. Það er ánægjulegt hversu oft nemendur fá hrós fyrir fallega framkomu og áhuga sem þeir sýna því sem verið er að kynna fyrir þeim með því að spyrja góðra spurninga.



Gestir fá talsvert svigrúm í skólastarfinu.

Okkur finnst afar mikilvægt að fá gesti til okkar í skólann. Þannig hefur það verið frá stofnun skólans. Á stundaskrá nemenda í 9. og 10. bekk eru svo nefndir „Skerputímar“. Gestirnir segja nemendum frá starfi/áhugamáli sínu, fræða, skemmta o.s.frv. Þegar líður að jólum fáum við gjarnan rithöfunda til þess að lesa upp úr nýjum bókum. Það er skemmtilegt að geta þess að skólaveturinn 2009-2010 var briddað upp á svo nefndum „pabbadögum“ en hugmyndin kom upphaflega frá foreldrum. Forsendan var að pabbar væru að öllum líkindum sjaldséðari í skólanum en mömmur. Þessi hugmynd hefur þróast enn frekar og pabba- og mömmudagar hafa verið á dagskrá öðru hverju. Foreldrapáttaka af þessu tagi verður án efa fastur liður í skólastarfinu á komandi árum en foreldrar hafa einnig verið duglegir að koma gestum á framfæri.



Evrópuverkefni skólaárin 2011 – 2013

Þórir Karlsson, enskukennari, tók upp samstarf við kennara á Bretlandi, Spáni, Ítalíu, Póllandi og Tyrklandi skólaveturinn 2011 – 2012 en Tjarnarskóli fékk Evrópustyrk til þess að vinna þetta verkefni undir stjórn Þóris. Þetta samvinnuverkefni stóð hér í skólanum til ársloka 2013 en 7. og 8. bekkingar (Kvosarnemendur) voru þátttakendur skólaárið 2011 -2012 og skólaárið 2012-2013. Verkefnið gengur út á að hafa netsamband á milli þessara landa – fara í heimsóknir og miðla upplýsingum á milli nemenda. Skólaárið 2011-2012 fóru 5 nemendur Tjarnarskóla í heimsókn í Holy Trinity School í Guildford í Bretlandi ásamt tveimur kennurum. Við í Tjarnarskóla tókum síðan á mót 5 nemendum úr sama skóla ásamt 16 fullorðnum gestum frá hinum fimm þáttökulöndunum. Skólaárið 2012-2013 fóru tveir nemendahópar út fyrir landsteinana. Fyrri hópurinn fór í Holy Trinity School í Guildford í Bretlandi ásamt tveimur kennurum og síðan fór annar hópur til Spánar í mars með tveimur kennurum. Verkefninu lauk um áramótin 2013-2014. Nú er í undirbúningi að taka þátt í nýju verkefni af þessu tagi.



Jóga

Skólaárið 2009 – 2010 hófst kennsla í jóga í Tjarnarskóla. Markmiðið var að hafa jákvæð áhrif á líðan nemenda, hópastarf og starfsanda. Þessi tilraun er hluti af þróunarverkefni í Tjarnarskóla og hefur að okkar mati orðið gott innlegg í þá veru að auka sjálfstraust nemenda og styrkja á margan veg sem getið er nánar um í sjálfsmatsskýrslu skólans. Jógað er valgrein skólaárið 2013-2014.

Ungbarnadagarnir „Hugsað um barn“

Skólaárið 2009 – 2010 var stigið það skref að tíundu bekkingar tóku þátt í svo nefndum ungbarnadögum. Þetta var námskeið sem var haldið í samvinnu við fyrirtækið OB ráðgjöf. Nemendur í 10. bekk fengu það verkefni að annast „sýndarungbarn“ í tvo og hálfan sólarhring. Í því fólst að fylgjast með því að „börnunum“ væri sinnt af natni og varúð: Bleyjuskipti, mjólkurgjafir voru reglulega á dagskrá, „börnin“ þurftu að ropa og það þurfti að hugga þau. Yngri nemendur sýndu þessu verkefni einnig mikinn áhuga og 10. bekkingar mæltu hiklaust með því að þetta yrði árlegt verkefni í skólanum. Þetta var í fyrsta skipti á Íslandi sem verkefni af þessu tagi fór fram á skólatíma. Þetta tókst svo vel að námskeiðið var haldið að nýju fyrir nemendur í 10. bekk skólaárið 2010-2011 og hefur verið endurtekið á hverju ári. Þetta verkefni er jafnframt þróunarverkefni í Tjarnarskóla.



Ratleikir og fleiri verkefni sem ganga þvert á árganga

Kennarar eru hugmyndaríkir og samvinnufúsir og skipuleggja gjarnan verkefni þvert á árganga. Í byrjun skólaárs hristum við gjarnan saman hópinn með því að skipuleggja ratleik um miðborgina. Valgreinar eru einnig skipulagðar þvert á árganga þannig að nemendur blandast allir í þeim valgreinum sem í boði eru hverju sinni. Þeir geta valið þrisvar á vetri, í upphafi hverrar annar og blandan er í samræmi við það. Við sjáum jákvæð áhrif af þessu fyrirkomulagi.